



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skólahúsnæði fyrir börn umsækjenda um alþjóðlega vernd**

Á fundi borgarráðs, 23. júní 2022, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fyrir tæpum þremur árum var sett á laggirnar móttökudeild fyrir börn umsækjenda um alþjóðlega vernd. Um var að ræða skólaúrræðið Birta sem var hugsað sem tilraunaverkefni til þriggja ára. Staðsetning er í Álftamýrarskóla og hefur aðstaða og aðstæður bæði verið erfiðar og ábótavant. Birta var hugsuð sem mikilvægur stökkpallur fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd þar sem mörg þeirra eru með takmarkaða skólagöngu. Nú ríkir óvissa um framhald þessa verkefnis og hafa ekki fengist skýr svör. Óvissan og þögn um framhald hefur leitt til þess að allir starfsmenn þess, sex talsins, hafa sagt upp störfum. Með því hefur tapast þekking og reynsla, allt sem búið er að byggja upp. Svo virðist sem úrræðið hafi verið sett á laggirnar og síðan er ekki meira gert, ekki hlúð að því og ekki hugað að óskum og þörfum nemenda og kennara. Fyrir þá sem fylgjast með lítur út sem verkefnið sé að fuðra upp. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi: Hvert er framtíðarskipulag þessa úrræðis, Birtu? Var haft samráð við starfsfólkið og leitað eftir þeirra álitum um hvað þyrfti að breytast fyrir börnin og til að bæta aðstæður? Hver er stefna yfirvalda í málefnum hælisleitenda/innflytjenda sem snýr að menntun?*

#### **Svar:**

Stoðdeildin Birta hefur verið starfrækt í 3 ár en deildin var sett á stofn í ágúst 2019 sem tilraunaverkefni til þriggja ára. Á þeim tíma hafa yfir 100 börn sótt kennslu í stoðdeildinni og hefur almennt verið mikil ánægja með starfseminum. Við stofnun Birtu var gert ráð fyrir að í deildinni yrðu að hámarki 24 börn á aldrinum 8 – 16 ára hverju sinni. Fjöldi barna hefur hins vegar tvöfaldast og hefur deildin tekið á móti allt að 40 börnum hverju sinni. Fram til ársins 2019 fékk stór hluti umsækjenda höfnun um vernd hér á landi og var þar með vísað úr landi.

Starfsemi Birtu tók því að miklu leyti mið af því að stór hluti þeirra barna sem sóttu skólaúrræðið yrðu send úr landi og var áhersla í námi byggð á kennslu í stærðfræði, ensku og íslensku.

Þegar heimsfaraldurinn skall á 2020 urðu breytingar á stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd þar sem flestir nemendur fengu stöðu flóttafólks. Í byrjun árs 2022 urðu breytingar á afgreiðslu umsækjenda um alþjóðlega vernd og er óljóst hvernig leyfisveitingar verða á næstunni. Samsetning nemendahópsins breyttist jafnframt á tímabilinu og fljótlega fór að fjölga



nemendum með mjög rofna skólagöngu. Þetta jók á álag í stoðeildina og meiri vinna fór í að vinna með almenna skólafærni nemenda. Börn sem eru ólæs og óskrifandi á sínu móðurmáli eru í sérlega viðkvæmri stöðu og þurfa mikinn náms- og félagslegan stuðning.

Stoðeild Birtu hefur sannað gildi sitt á þeim þremur árum sem verkefnið hefur verið í þróun. Sá hópur nemenda sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd eru í viðkvæmri stöðu og þarf sérstaklega að hlúa vel að þeim í þessu millibilsástandi. Á þessum reynslutíma hefur ýmislegt lærst og hefur annað verið endurskoðað. Reynsla af starfsemi Birtu hefur verið kortlögð með viðeigandi gagnasöfnun, skýrslum og ábendingum starfsmanna Birtu.

Starfsemi Birtu hefur fram til vorsins 2022 verið undir stjórn Álftamýrarskóla og með aðstöðu í Safamýri 27, húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Tónabæ og frístundaheimili Álftabæ. Fljótlega var ljóst að húsnæðið gat ekki haldið vel utan um starfsemina og var óskað eftir að fá lausar kennslustofur á lóðina. Í byrjun árs 2022 lá fyrir að starfsemi Birtu gæti ekki rúmast innan Álftamýrarskóla og var þá farið í að kanna aðra möguleika. Í vor lá fyrir að starfsemin myndi flytjast í Seljaskóla og bindum við vonir við að unnt verði að efla þátttöku nemenda í Birtu inn í almenna bekki Seljaskóla þar sem því verður komið við. Nýtt stjórnendateymi hefur nú tekið til starfa í Birtu sem mun halda áfram að þróa hið öfluga fagstarf Birtu þannig að það haldi áfram að dafna.

Stefna yfirvalda um menntun umsækjenda um alþjóðlega vernd er í stöðugri þróun og er mikilvægt að horfa á menntun í samhengi við velferð barna og fjölskyldna þeirra. Skóla- og frístundasvið stefnir að því að koma á starfshópi sem ætlað er að meta og koma með tillögur um þá heildræna sýn í samstarfi við fulltrúa velferðarsviðs borgarinnar.